

Sp.

168. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1973.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Svo sem venja hefur verið undanfarin ár, ber fjvn. sameiginlega fram nokkrar brtt. Aðild að þeim byggist á þeirri vönu í fjvn., að formaður leggur til, að n. fallist á flutning þeirra. Þetta gildir um afgreiðslu tillagna eða erindi, hvort sem um hækkun eða lækkun er að ræða. Nm. geta þó haft áhrif á stærð talna við þessa afgreiðslu undir vissum kringumstæðum. Aðild mín að meirihlutatillögum bindur mig ekki um flutning á eða stuðning við aðra brtt. við fjárlagafrv.

Þær till., sem fjvn. hefur afgreitt nú, nema til hækkunar rétt um 268 millj kr.

Fjvn. kom fyrst saman til fundar 19. okt. s. l. og hefur haldið 38 sameiginlega fundi. Hafa undirnefndir starfað innan fjvn. í sambandi við úthlutun á fjármagni til skóla, hafna og sjúkrahúsa, að slíku starfi hefur undirritaður ekki átt aðild. Frá þessum undirnefndum hafa komið till., sem hafa síðan fengið afgreiðslu, eins og að framan greinir, á sameiginlegum fundi fjvn.

Forstöðumenn margra ríkisstofnana komu á fundi hjá fjvn., svo sem venja hefur verið í mörg undanfarin ár, og gerðu grein fyrir fjármagnsþörf viðkomandi stofnunar og einnig í mörgum tilfellum rekstrinum. Fjvn. samþykkti á s. l. vetri, að rétt væri að tilkynna um móttöku erinda og hvenær þau ættu að komna inn í síðasta lagi. Árangur varð nokkur vegna þessarar tilkynningar og tímasetningar, og hárust erindi þess vegna fyrr til ráðuneytis og síðan til fjárveitinganefndar en venja hefur verið undanfarin ár. Einnig hefur undirnefnd fjárveitinganefndar, en þar eiga fulltrúar allra flokka sæti, starfað nokkuð í sumar og tekið til meðferðar ýmis erindi, sem vísað var til nefndarinnar, og einnig athugað ýmsa þætti í rekstri ríkisstofnana, og væri vert að gera því betri skil en unnt er í þessu nál. Þó er rétt að nefna, að undirnefnd fjvn. fjallaði m. a. um mótuneytisrekstur ríkisins og þar voru látnar í té margvíslegar upplýsingar um kostnað af þessum rekstri, tækjæign og starfsmannafjölda árið 1971. Hér er mikið og vaxandi vandamál á ferðinni, sem mun kosta ríkissjóð margar milljónir í náinni framtíð, og nauðsynlegt er að marka ákveðna stefnu varðandi þessi mál, því að þau munu velta mjög upp á sig kostnaði fyrir ríkissjóð, ef ekki er tekið af skarið um, hvaða kostnaðarpátt ríkissjóður á að taka á sig og hvað ríkissjóði ber að leggja fram.

Einnig var fjallað um tryggingu ríkiseigna, og er það mjög mikið mál. Ríkið tryggir fyrir stórfé, svo að nemur milljónatugum, og er nauðsyn að móta einnig heildarstefnu í því efni.

Til meðferðar var tekin skýrsla um aukatekjur innheimtumanna ríkissjóðs og nokkuð rædd sú hugmynd að gera hér bót á, en hér er um viðkvæmt og nokkuð vandasamt mál að ræða.

Um eftirfarandi mál í rekstri ríkisins var fjallað að meira og minna leyti: Verkstæðismál ríkisins, utanferðakostnað ríkisstofnana, skipulags- og hagræðingarmál póst- og símamálastjórnarinnar, og sumar af eftirlitsstofnunum ríkisins í sambandi við kaup á húsum o. fl. fyrir starfsemi þeirra.

Í aths. við fjárlagafrv. á bls. 147 er þetta tekið fram:

„Eins og fram er tekið í málefnsamningi núv. ríkisstj., er kappkostað að vinna að félagslegri uppbyggingu í þjóðfélaginu með skipulegum hætti með svo miklum hraða sem skynsamlegt og framkvæmanlegt er talið.“

Síðan segir:

„Með þessu fjárlfrv. er haldið áfram á sömu braut. Fjárveitingar til framkvæmda eru svipaðar og á yfirstandandi fjárl., nema hvað þær hækka í heild vegna verðhækkunar og raunverulega meira vegna þeirra skerðinga, sem gerðar voru í sambandi við framkvæmd bráðabirgðaráðstafana þeirra, sem gerðar voru í júlí s. l. vegna verðstöðvunar. Lagt er nú meira kapp á það en nokkru sinni fyrr að nýta framkvæmdafé þannig að ljúka verkum eða ná vissum áfanga til að tryggja sem bezt not fjárlfrv.“

Þá kemur einnig fram í aths. við fjárlfrv., að reiknað er með, að í byggingu barna- og gagnfræðaskóla fari 4 ár. Það hefur komið fram á fundum fjvn., að þess sé að vænta, að frumvarp komi, er breyti tímamarki í núgildandi lögum um byggingu barna- og gagnfræðaskóla úr 3 árum í 4 ár og jafnvel að heimilt sé í vissum tilvikum að hafa byggingartímabilið 5 ár. Ríkisstj. sér sig til neyddu að fara út á þessa braut, þrátt fyrir það að áherzla sé lögð á, að hin mikla skipulagshyggja eigi að gera sig gildandi við fjárlfrv. og framkvæmdaáætlun og nýting fjármagnsins eigi að vera sem mest og hagkvæmust.

Við í stjórnarandstöðunni gagnrýndum það mjög á síðasta þingi, við 2. umr. fjárl. 14. des. 1971, að margt væri í óvissu við þá umr. Sem andsvar við þeirri

gagnrýni las hæstv. fjmrh. upp langan lista um afgreiðslu fjárl. við 2. umr. og komst að þeirri niðurstöðu, að stundum áður hefði margt verið óákveðið í því sambandi. Því miður má segja, að við 2. umr. fjárl. í ár sé ástandið enn verra. Augljóst er, að tekna megin er allt í óvissu og stjórnarandstaðan veit á þessu stigi ekkert um endanlega tekjuöflun til þess að mæta útgjaldaþörf á komandi ári.

Hinn 11. júlí 1972 voru gefin út brbl. um tímabundnar efnahagsráðstafanir. Til þess að mæta þeim kostnaði, sem þessar ráðstafanir leiddu af sér, var ríkisstj. heimilað að lækka fjárveitingar á gildandi fjárl. allt að 400 millj. kr. Enn hefur hæstv. ríkisstj. ekki þótt Alþingi vert þess að gera því grein fyrir því nákvæmlega, hvaðan þessar 400 millj. koma og af hvaða liðum fjárl. þær eru teknar. Undirritaður hefur þó í ræðu á Alþingi beðið bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. að gera nákvæmlega grein fyrir kostnaði af þessum ráðstöfunum og hvernig honum sé mætt. Í bréfi frá fjmrn., dags. 11. des. 1972, kemur sundurliðun að nokkru leyti, er sýnir, hvaðan 174.6 millj. kr. koma vegna þessara ráðstafana. Skiptingin er þannig:

Samgöngumál, hafnir: Akranes 4 millj., Arnarstapi 1.5 millj., Árskógssandur 1.4 millj., Suðureyri 4 millj., Ísafjörður 4 millj., Þórshöfn 6 millj., Borgarfjörður eystri 4 millj., Eskifjörður 1 millj., Fáskrúðsfjörður 1 millj., eða samtals 26.9 millj. og Hafnarfjörður, dráttarbraut með 1.7 millj. Samtals 28.6 millj. Þannig er listinn yfir lækkaðar fjárveitingar á fjárl. 1972 til hafna.

Í sambandi við lækkun á fjárveitingum til skóla kemur fram, að alls nemur sú upphæð 75 millj. sléttum. Það er svo langur listi, að ekki er hægt að telja hann upp í nál., en langstærsti þátturinn er Skagafjörður með 13 millj. Háskóli Íslands er með 12 millj., Þjóðarhókhlaðan með 7.5 millj., en aðrir staðir með mun minna.

Um heilbrigðismálin er listi yfir lækkaðar fjárveitingar á fjárlögum 1972 vegna þessara ráðstafana upp á 71 millj. kr. alls. Hæstu liðir eru Borgarspítalinn í Reykjavík með 14 millj., Selfoss með 10 millj., Fæðingardeild Landspítalans með 15 millj. Sagt er í þessu bréfi fjmrn., að umræddar fjárveitingar og ráðstöfun sé gerð í samráði við undirnefnd, án þess að greina nánar, við hvað er átt í þessu sambandi. En það skal tekið fram að undirritaður á enga aðild að þessari breytingu og tekur ekki þátt í ákvörðun í því sambandi.

Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir því, að vísitölu sé haldið áfram í 117 stigum á komandi ári, og fylgir engin nánari skilgreining á því, hvernig þetta megi takast. Enn er allt óráðið í þessu sambandi, en augljóst er, að um miklar fjárhæðir er að ræða, ef það á að vera markmið að halda kaupgreiðsluvísitölu óbreyttri í 117 stigum út allt árið 1973. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vissar atvinnugreinar eiga nú í mjög miklum erfiðleikum, og hæstv. ríkisstj. mun gera sér ljóst, að margvíslegar ráðstafanir eru óhjákvæmilegar til þess að forða vissum greinum útflutningsins frá stöðvun. Nokkur ágreiningur er uppi um fjármagnsþörf í þessu sambandi, en sé allt dæmið tekið í heild, má gera ráð fyrir því, að heildarfjármagnsþörf nálgist a. m. k. 4 milljarða, og er þá haft í huga, að fjárfestingarsjóðir þurfa á auknu fé að halda til þess að veita atvinnulífinu eðlileg stofnlán.

Í athugasemdum við fjárlagafrv. á bls. 147 er sagt, að í kjölfar fjárlagafrv. muni verða „lögð fram tillaga um framkvæmdaáætlun fyrir árið 1973, og gert er ráð fyrir, að afgreiðsla fjárlagafrv. og framkvæmdaáætlunar fari saman frá Alþingi, þar sem reynslan hefur sýnt, að nauðsyn ber til, að svo sé“. Þetta er nauðsynlegt til þess að fá fram í eina heilsteypta mynd, hvað hið opinbera hyggst fyrir á framkvæmdasviðinu og við afgreiðslu fjárlaga. Þannig á afgreiðsla fjárl. og afgreiðsla framkvæmdaáætlunar að fara saman, svo að almenningur geti séð og gert sér grein fyrir væntanlegum framkvæmdum hins opinbera á árinu 1973. En hvað hefur skeð? Framkvæmdaáætlunin hefur ekki verið lögð fram enn þá, þegar þetta nál. er samið, og stjórnarandstaðan hefur ekki fengið að sjá framkvæmdaáætlunina fyrir utan það, að í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins mun uppkast að framkvæmdaáætlun hafa verið rætt að einhverju leyti, en síðan ekki söguna meir.

Það er nauðsynlegt, að almenningur geri sér grein fyrir því, hvernig hæstv. ríkisstj. stendur að afgreiðslu fjárl. að þessu sinni, og einnig, hvernig mönnum er

gert ómögulegt að fylgjast með því, sem er að gerast á þessu sviði, sem er raunar undirstaða eðlilegs atvinnulífs í landinu og lífskjara fyrir þjóðina á komandi ári og í náinni framtíð. Umræður við slíkar aðstæður geta aldrei verið raunhæfar né eðlilegar, þar sem stóran hluta af þeim gögnum, sem til notkunar þurfa að vera við afgreiðslu fjárl., vantar í hendur þeirra manna, sem eiga að vinna að þessum málum í n. og við afgreiðslu á Alþingi. Ég gagnrýndi það harðlega í nál. mínu í fyrra, hversu margt væri seint á ferðinni og mér virtist allt vera aftarlega á merinni, en enn hefur haldið í sömu átt, og nú er svo komið, að bagginn virðist hvíla á mólunum. Þessi staða hlýtur óhjákvæmilega að krefjast skjótra úrræða og hiklausra.

Þar sem framkvæmdaáætlunin liggur enn ekki fyrir, er ekki hægt að fjalla nánar um fjárfestingaráform hæstv. ríkisstj. á árinu 1973. Þó virðist augljóst af fréttum, að stofnlánasjóði vanti mikið fjármagn, og einnig mun Byggingarsjóður ríkisins vera í þörf fyrir verulegt fjármagn, ef fullnægja á umsóknum um húsnæðismálalán og þeirri eðlilegu hækkun, sem lög gera ráð fyrir, vegna hækkunar á byggingarkostnaði. Þarf að útvega geysihár upphæðir, ef þessir stofnlánasjóðir eiga að fullnægja eftirspurn eftir lánunum og öryggi á að vera um atvinnu fyrir þá menn, er í þeim atvinnugreinum starfa, sem þessir sjóðir lána til. Engu að síður er nauðsynlegt að hugleiða þá miklu spennu, er ríkt hefur í eftirspurn eftir vörum og þjónustu hina síðustu mánuði, og áhrif þessarar spennu á verðbólguna, sem sannarlega hafa verið mikil og munu áfram vera mikil, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til að hamla mjög hér á móti.

Á döfinni eru svonefndar efnahagsráðstafanir, en ekki liggur fyrir, á hvaða sviði þær verða né með hvaða hætti. En í það má þó spá, að einhvers konar millifærsluleiðir verða farnar, ef marka má þau orð, er standa í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. Þá er fram undan margslungið millifærslukerfi, þar sem einhverjir alvitrir menn, „kommissarar“ eða spekingar, útteila handa Pétri og Páli því, sem þeir meta eðlilegt og nauðsynlegt, og enginn veit fyrir fram, hvað hann fær né hvernig atvinnuþætti hans muni reiða af, fyrr en hann fær molana af borði hinna háu herra.

Við slíkar aðstæður fer nú fram 2. umr. fjárl. og afgreiðsla á þeim till., er fjvn. hefur lagt fram. Eins og fyrr segir, er óvissa ríkjandi um tekjuöflunarhlíðina, og þess vegna er tilgangslaust að velta vöngum nánar um þann þátt. Hann er allur hulinn þoku óvissunnar. Alvarlegust mun þó vera sú staðreynd, að innan hæstv. ríkisstj. eða stjórnarflokka er ekki samstaða um leiðir til tekjuöflunar.

Í bæklingi, sem Framkvæmdastofnun ríkisins, hagrannsóknardeild, hefur sent frá sér í okt. s. l. og fjallar um þjóðarþúskapinn, kemur fram, að margt er í óvissu um afkomu ýmissa atvinnugreina árið 1973, eins og áður segir. Þar kemur fram, að reiknað er með mjög miklum viðskiptahalla annað árið í röð, og á þessum tveimur árum, 1972 og 1973, má gera ráð fyrir, að öfugur viðskiptahalli nemi tæpum 9 milljörðum króna. Þessi mikli halli er jafnaður út með lánatöku til langs tíma, svo að gjaldeyrisstaðan rýrni ekki um of. Engu að síður er hér mjög djarflega siglt og má lítið út af her, ef ekki á að fara illa. Einnig hefur staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum verið mjög erfið allt þetta ár og oft verið yfirdráttur hátt á annan milljarð króna á þessu ári. Fjármál ríkisins eru því í slæmri stöðu, og ýmsar framkvæmdir eru byggðar um of á lántökum.

Atvinnulífi, sem haldið er gangandi með sífelldum lántökum, er ýmis hættu búin, ef eðlileg framleiðsluaukning á sér ekki stað í viðkomandi grein. Sú kauphækkun ásamt vinnutímastyttingu, sem átti sér stað á s. l. einu og hálfu ári, hefur komið nokkuð þungt niður á atvinnulífinu og veldur nú alvarlegum vandræðum í vissum greinum útflutningsins. Ríkisstj. mun ekki komast hjá því að taka þetta alvarlega vandamál til meðferðar nú þegar til að tryggja eðlilega starfsemi hjá flota landsmanna strax á komandi vertíð. Tíminn fram að áramótum er mjög naumur, og er næsta furðulegt, að ekkert skuli liggja fyrir, rétt áður en þing fer heim í jólafrí, hvernig leysa á þetta vandamál. Hér er, eins og áður segir, um stórar

fjárhæðir til tekjuöflunar að ræða, sem munu snerta að meira eða minna leyti flestar eða allar fjölskyldur landsmanna. Það er því við sérstæðar aðstæður, sem 2. umr. fjárl. fer fram, og nánast þannig, að vansæmd er að fyrir alla aðila að láta slíkt eiga sér stað. Ein skýring kann að vera á þessum sérstæðu kringumstæðum, sem sé sú, að innan hæstv. ríkisstj. sé engin samstaða um úrræði og hugmyndir séu á lofti um það að fresta raunverulegri afgreiðslu fjárl. endanlega fram yfir áramót og kalla þing saman snemma í janúar og ganga þá frá fjárl. og nota á meðan jólafrið til að reyna að bræða saman samstöðu um leiðir.

Hæstv. ríkisstj. margundirstrikaði það, að hún mundi vinna skipulega að öllum málum og þessir sömu menn hafa á undanförunum árum í stjórnarandstöðu marggagnrýnt það, sem þeir þá kölluðu handahófskennd vinnubrögð, stefnuleysi og tilviljunarkennt mat á aðstæðum. Slíkt mundi ekki ríkja hjá þeim, ef þeir stjórnðu. Þeim var kappsmál að koma á fót Framkvæmdastofnun ríkisins, sem átti að vera driffjörðin í allri skipulagshyggju og skynsamlegum og raunhæfum vinnubrögðum á því sviði. En svo er að sjá sem árangur láti standa á sér í þessum efnum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, eins og atvikum er háttað við þessa umr., að vera að rekja einstök erindi og beiðnir, sem fyrir liggja. Fjvn. hefur tekið nokkur erindi til endanlegrar meðferðar og samþykkt ýmislegt, sem þar er farið fram á, en engu að síður liggja fyrir beiðnir, sem nema mörgum hundruðum milljóna króna. Margvíslegar röksemdir liggja á bak við þessar beiðnir, sumar sennilega vel fram settar og sannar, en hjá öðrum er nokkuð mikil óskhyggja og bjartsýni ríkjandi, sem varla verður hægt að taka alvarlega á þessu stigi. Að venju verður ekki um miklar viðbótarhækkanir að ræða á milli 2. og 3. umr., en hér er allt í slíkri óvissu nú, að vel getur farið svo, ef hæstv. ríkisstj. tekur ákvarðanir um að fresta raunverulegri afgreiðslu fjárl., að margt þurfi endurskoðunar við og veruleg hækkun muni enn koma fram. Þá mun þessari hæstv. ríkisstj. hafa tekizt á tveimur árum að hækka fjárl. um 100%, og er það út af fyrir sig sérstakt afrek, sem vonandi á ekki eftir að endurtaka sig í fjármálastjórn þessa lands.

Alþingi, 13. des. 1972.

Jón Árm. Héðinsson.